

Samkvæmt framanrituðu verður niðurstaða málsins í aðalsök sú, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 113.684.00, þ. e. vangreidd laun í maí 1972, kr. 1.195.00, fyrir vinnu á frídögum kr. 62.859.20 + orlof, kr. 5.236.10, fyrir vinnu á hátíðisdögum kr. 27.422.40 + orlof, kr. 2.284.28, fyrir vinnu í janúar 1973 kr. 13.558.40 + orlof, kr. 1.129.41. Vextir ákveðast 7% ársvextir frá 1. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök verður gagnstefnda dæmd til að greiða gagnstefnanda kr. 66.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og komi þessi fjárhæð til skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda.

Hæfilegt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 25.000 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Blindravinafélag Íslands, greiði stefnanda, Bjarn-dísi Eygló Indriðadóttur, kr. 47.684.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1977.

Nr. 54/1976. **Magnús Magnússon**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn

Ingva Þorgeirssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Vinnusamningur. Brottvikning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Valtýr Sigurðsson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Gullbringusýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1976. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 103.118 krónur með 13% ársvöxtum frá 16. október 1974 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 12. maí 1976.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Endurtekin, óréttmæt synjun áfrýjanda á að vinna verk, er stefndi mælti fyrir um, að hann skyldi leysa af hendi, veitti stefnda lögmæta ástæðu til að vísa honum úr starfi. Verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að brottvísun hans hafi verið ólögmæt fyrir þá sök, að hann hafi ekki hlotið næga aðvörun, áður en til hennar kom. Ekki verður brottvísunin heldur metin ólögmæt vegna þess, að hún var ekki skrifleg. Á 4. mgr. 1. gr. laga nr. 16/1958, er áfrýjandi skírskotar til því til stuðnings, ekki við um atvik þau, sem málið er sprottið af. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 80.000 krónur.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Magnússon, greiði stefnda, Ingva Þorgeirssyni, samtals 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 26. janúar 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, birtri 24. febrúar 1975. Stefnandi málsins er Magnús Magnússon, Bræðraborg 1, Höfn-um. Stefndi er Ingvi Þorgeirsson, Grænási 3, Ytri-Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum vinnulaunaskuld að fjárhæð kr. 103.118 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 16. október 1974 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sættir voru reyndar, en án árangurs. Samhliða máli þessu voru rekin við dóminn tvö mál sama efnis, þ. e. aukadómþingsmálin nr. 42 og 44: Skúli Jóhannsson og Niels Björgvinsson gegn Ingva Þorgeirssyni, og hafa endurrit aðiljayfirheyrslna úr þeim málum verið lögð fram í máli þessu, og verður á þeim byggt við úrlausn.

II.

Stefnandi skýrði svo frá, að hann hafi unnið hjá stefnda í rúm 8 ár við ræstingu í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli svo og í flugvélum Loffleiða h/f og öðrum farþegaflugvélum, sem leið áttu um Keflavíkurflugvöll. Hinn 16. október 1974 kom upp ágreiningur milli stefnanda og þriggja annarra samstarfsmanna hans annars vegar og stefnda hins vegar um hreingerningu á gangi í flugstöðvarbyggingunni. Töldu stefnandi og félagar hans, að hreingerning þessi tilheyrði ekki ræstingu og daglegum störfum þeirra. Var stefnanda ásamt þremur öðrum starfsmönnum sagt upp starfi þá þegar og án nokkurs fyrirvara. Taldi stefnandi þessa fyrirvaralausú uppsögn ólögmæta, enda eigi hann sem fastur starfsmaður rétt á mánaðaruppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Gerði hann kröfur til þess, að stefndi greiddi honum laun fyrir tímabilið 16. október til 30. nóvember 1974, sem sundurliðast þannig:

1. Laun frá 16. okt. til 31. okt. 1974 kr. 31.730
2. Laun frá 1. nóv. til 30. nóv. 1974 — 63.459

3. Orlof 8.33% kr. 7.929

Samtals kr. 103.118

Þessari kröfu stefnanda hefur stefndi hafnað á þeirri forsendu, að stefnandi hafi neitað að framkvæma verk það, er hann hafi gefið fyrirskipun um að framkvæma skyldi, og hafi hann því ekki átt annarra kosta vól en að víkja stefnanda og félögum hans úr starfi og útvega sér nýja starfsmenn til þess að vinna umrætt verk.

Í skýrslu, dskj. nr. 9, sem stefnandi og tveir aðrir samstarfsmenn hans hafa undirritað, lýsa þeir atvikum málsins þannig: „Byrjum daginn kl. 8.00 árdegis og stimplum okkur inn. Þá er ein Loftleiðavél inni (LF 30), hún kom kl. 7.30, og næturvaktin var búin að hreinsa hana. Við fórum að ryksuga uppi hjá flugumsjón og hreinsa salerni. Síðan hreinsuðum við gang, sem farþegar ganga út úr flugstöðinni, þá hreinsuðum við farþegasal, þetta var búíð kl. 12.00 að hádegi, og þá var matast. Eftir mat kemur Magnús Þorgeirsson með skilaboð frá Ingva, um, að við skulum hreingera veggj upp á gangi. Okkur kom saman um að neita því, af því að það tilheyrði ekki ræstingu eða okkar daglegu störfum. Þá fór Magnús upp til Ingva og sagði honum, að við neituðum að gera hreint og kom með þau skilaboð frá Ingva að tala við sig, sem við gerðum, og þá spurði hann okkur, hvort við neituðum þessu. Við sögðum, að hreingerning væri ekki í okkar verkahring. Þá sagðist hann senda okkur út í skýli, þar var Flugfélagsvél, sem næturvaktin var búin að hreinsa. Við spyrjum, hvort hún sé óhreinsuð, hann segir það ekki vera, en við skulum fara og hreingera hana. Því neitum við. Þá segir hann, að hann hafi þá ekkert við okkur að gera. Við segjum ekkert við því, en förum niður. Þá kemur Magnús Þorgeirsson aftur með skilaboð frá Ingva að þvo undir öllum stólum inn í farþegasal (sem ekki sé gert daglega) við gerum það. Kl. var 3.30, þegar það var búíð, þá förum við niður í kaffi. Nú kemur vél kl. 16.35 (LL 31), sem við hreinsuðum eins og vanalega, síðan hreinsuðum við farþegasal, þá kom Flugfélagsvél kl. 19.40, sem við byrjum að ræsta til kl. 8.00 síðdegis, þá var okkar vinnudegi lokið og önnur vakt tók við. Þá förum við upp og ætluðum að stimpla okkur út, en þá var búíð að taka spjöldin okkar. Þá kallaði Ingvi okkur til sín, þetta var útborgunardagur, og okkur var borgað út. Ingvi spyr okkur, hvort við neitum að gera hreint, og við segjum það vera.

Þá þurfið þið ekki að mæta til vinnu á morgun segir Ingvi. Við spyrjum, hvort hann sé í rétti að segja okkur þannig upp vinnunni, hann segir það vera af því að við neitum að vinna það, sem hann skipi okkur að gera. Það skal tekið fram, að við blettahreinsum veggum (skv. verklýsingu frá Ingva) og gerum snyrtiherbergi hrein. Aðra hreingerningu höfum við ekki gert síðan við höfum störf hjá Ingva Þorgeirssyni.“ Undir þetta skjal ritar stefnandi, Skúli Jóhannsson og Niels Björgvinsson.

Í framburði Skúla Jóhannssonar segir svo um atvikið, að þeir hafi verið í kaffi, þ. e. hann, Magnús Magnússon, Daniel Björgvinsson og Elías Guðmundsson, þegar bróðir stefnda, sem er verkstjóri hjá stefnda, hafi komið og sagt þeim að fara að gera hreina veggum og loft á gangi flugstöðvarbyggingarinnar. Þeir hafi þá sagt verkstjóranum, að þeir teldu, að það væri ekki í verkahring þeirra, og hafi þeir neitað að vinna umrætt verk. Sagði hann, að verkstjórinn hafi þá farið upp á loft og komið aftur niður að vörmu spori og sagt þeim að koma upp til viðtals við stefnda. Hafi þeir þá farið upp og tilkynnt stefnda, að þeir neituðu að vinna umrætt verk. Ekki kvaðst hann muna nákvæmlega, hverju stefndi svaraði, en stefndi hafi sagt þeim að fara og gera hreina flugvél frá Flugfélagi Íslands. Þeir hafi þá neitað því, þar sem það hafi áður verið búið að ræsta vélina, þ. e. ryksuga, hreinsa úr öskubökkum, þurrka af borðum og ganga frá salernum, eða það sem fram kemur, að þeir eigi að gera skv. verklýsingu stefnda á dskj. nr. 7, en þar er að finna eftirfarandi verklýsingu:

„Nauðsynleg dagleg hreinsun á
flugvélum Flugfélags Íslands h.f.

Stjórnklefi: Tæma öskubakka, strjúka af rúðum, dusta af stólsetum, þurrka borð og gólf.

Farþegarými: Brjóta saman teppi og raða snyrtilega í hillur, ekki hafa teppi né koddum við björgunarbátana (þar sem þar safnast meira af yfirhöfnum farþega, sem sitja í sætum undir þeim). Setja söluhlusta og öryggisspjöld í sæti. Strjúka af rúðum, hreinsa fingraför og bletti kringum lesljós og bjöllur, tæma öskubakka, dusta mylsnu og rusl úr sætum, krossleggja sætisbelti. Þvo öll borð, ryksuga eða sópa gólfteppi. Skipta um sætishlífar og koddaver.

Eldhús: Þvo borðin, söluborðin og laus farþegaborð, strjúka bletti af skáphurðum og þiljum. Þvo gólfið og þurrka gólfregil fyrir framan það.

Salerni: Fægja spegla, borð og handlaugar. Þvo vel setur og allt

í kringum salernisskálar, þvo gólfín, strjúka bletti af veggjum, ath. óhreinindi í hólfum.“

Skúli Jóhannsson sagði, að eftir þetta samtal þeirra hafi stefndi sagt þeim að fara í „transítal“ og þvo þar gólf undir stólum og hafi þeir gert það. Sagði hann, að stefndi hafi ekki minnst á uppsögn úr starfi, svo að hann heyrði, fyrr en stefndi var að greiða þeim laun um kvöld sama dags, en þá hafi hann sagt við þá, að hann hefði ekkert við þá að gera, ef þeir framkvæmdu ekki það, sem hann skipaði þeim að gera. Sagði hann, að stefndi hafi ábyggilega sagt í þetta sinn, að þeir þyrftu ekki að koma aftur, og hafi þeir ekki komið aftur í vinnuna. Hann sagði, að það hafi ekki verið sérstaklega um það rætt, er hann réð sig til starfa hjá stefnda, við hvað hann ætti að starfa, en sér hafi verið kunnugt um, að verkstjórinn væri með verklýsingar undir höndum, en hann hafi ekki séð þær. Skúli Jóhannsson sagði, að sú hreinsun, er þeir hafi framkvæmt á veggjum, hafi verið svokölluð blettahreinsun, en hann kannaðist ekki við, að veggir hafi verið hreinsaðir á 4ra daga fresti. Sagði hann, að engin hreingerning á veggjum hafi verið framkvæmd þá tvo mánuði, sem hann vann hjá stefnda. Aðspurður hvort hann hafi tekið þátt í hreinsun á flugvél á þann hátt sem segir á dskj. nr. 8B, kvaðst hann ekki minnst þess að hafa annast slíka hreinsun, en þar kemur fram eftirfarandi verklýsing:

„Verklýsing á hreinsun í flugvélum,
er stansa á flugvélastæði framan við

Flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

A. Loftleiða flugvélar (í gegnum flugi).

Þær Loftleiða flugvélar, sem stansa aðeins skamma stund á flugvélastæði við flugstöðvarbygginguna, skulu hreinsaðar að innan, eins vel og tími og aðstæður leyfa, ennfremur skulu fylgihlutir settir á og í sæti og fjöldi teppa og koddar athugaður. Sem dæmi um verk, sem framkvæma skal, má nefna:

1. Hreinsa gólf í farþegaklefum, sópa eða ryksuga.
2. Hreinsa eldhús.
3. Þrifa á salernum, gólf, vaska o. fl.
4. Setja sætahlífar á sæti og skipta um koddaver, eftir því sem þörf er á. Athuga að nægjanlegur fjöldi koddar sé um borð.
5. Setja loftveikipoka, spjöld, bæklinga og annað í sætisþoka og annars staðar, eftir því sem reglur Loftleiða segja til um hverju sinni.
6. Athuga að áskilinn fjöldi teppa sé um borð og brjóta teppi saman.

7. Í áhafnarklefa skal hreinsa gólf, öskubakka og strjúka af sætum, eftir því sem þörf krefur.
8. Þurrka af sætisbökkum og hreinsa öskubakka, ef tími vinnst til.
9. Ef Loftleiða flugvél í gegnum flugi seinkar í Keflavík, verða sendir menn um borð til hreingerninga eftir nánara samkomulagi.
10. Sjá um að nægjanlegur fjöldi heyrnartækja sé um borð í TF-LLK. Munu verktakar sjá um birgðir, hreinsun og pakkingu á heyrnartækjum.

B. Loftleiða flugvélar, sem stansa í lengri tíma.

Þær Loftleiða flugvélar, sem stansa í Keflavík, skulu teknar og hreinsaðar eins rækilega og unnt er og þörf krefur. Auk þeirra atriða, sem greind eru hér að ofan, skulu veggir farþegaaklefa, áhafnarklefa, eldhús og salerni þrífir og þeir hlutir, sem sjaldnar eru þrífir, skulu hreinsaðir. Auk þess skal verktaki hafa umsjón og eftirlit með teppum og koddum Loftleiða, herðatrájum, bæklingum, spjöldum og öðrum fylgihlutum með sætum.

C. Aðrar flugvélar.

Verkkaupandi hefur skuldbundið sig að afgreiða farþegaflugvélar, sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll. Mun verktaki annast hreinsun á þeim vélum að innan, eftir því sem tími og aðstæður leyfa, skv. því sem að ofan greinir. Í flestum tilfellum er nóg hreinsun skv. A að ofan, en þær vélar, sem eru í „turn-around“ skulu gerðar upp. Varðandi flugvélar Flugfélags Íslands h.f. gildir sama og um flugvélar Loftleiða.“ Skjal þetta er undirritað af stefnda og þess getið, að afrit sé sent þessum mönnum: Magnúsi Þorgeirssyni, Guðbirni Magnússyni, Magnúsi Magnússyni, Ólafi Ásgeirssyni og Einari Bragasyni.

Skúli Jóhannsson sagði, að það hafi ekki verið rætt um það við ráðningu hans, í hverju vinna hans væri fólgin, en hann hafi framkvæmt þau verk, sem Magnús Magnússon hafi sagt honum að vinna, en hann hafi litið á hann sem flokksstjóra yfir þessum flokki. Kvaðst hann áður hafa unnið hjá stefnda fyrir ca þrem árum og hafi hann þá unnið hjá honum í tæpt ár. Kvaðst hann þá ekki hafa hreinsað veggir í flugstöðvarbyggingunni á þeim tíma, en sig minnti, að þeir hafi blettahreinsað loft og veggir flugvélar einhvern tíma á þessu ári. Sagði Skúli Jóhannsson, að þeir hafi vitað, að það hafi átt að fara að láta þá vinna við hreingerningu á

gangi, og hafi þeir verið búnir að ákveða að neita að vinna það verk og hafi þeir allir verið sammála um það. Þá sagði hann, að það hafi verið næsta vakt á undan þeirra vakt, sem hafi verið búin að ræsta þá flugvél, er þeim var sagt að fara að hreinsa. Á dskj. nr. 6 er útdráttur úr verksamningi, dags. 4. júlí 1973, og þykir rétt að taka hann upp hér. Þar segir:

„Dagleg ræsting á flugstöðinni Keflavíkurflugvelli.

1. Öll gólf skulu þvegin einu sinni á sólarhring og rykhreinsuð eins oft og þörf er á.
2. Salerni skulu þrifuð eins oft og þörf krefur, vaskar og skálar. Veggir skulu hreinsaðir einu sinni á fjögura daga fresti. Sjá um, að pappír og sápa sé til staðar.
3. Allt gler í hurðum skal hreinsa daglega, gler í milliveggjum skal blettahreinsa daglega. Annað gler skal hreinsa einu sinni í mánuði að utan og innan. Gluggar í sal á efri hæð skal hreinsa minnst einu sinni á fjögura daga fresti.
4. Sal á efri hæð skal rykhreinsa daglega.
5. Öskubakkar hreinsast eftir þörfum, þvegnir að utan eftir þörfum.
6. Allar gluggakistur skal þurrka daglega.
7. Ryksuga skal fingur út frá flugstöð minnst tvisvar sinnum á hverri vakt, en annars eftir því sem þarf.
8. Sjúkraherbergi í Transit sal þarf að hreinsa eftir hverja notkun, áhöld einnig.
9. Öll tæki skal hreinsa eftir hverja notkun, við lok hverrar vaktasyrpu skal tæma allar ryksugur og rusladalla á salernum og á öðrum stöðum, allt rusl skal setjast í sorpílát.
10. Öll sæti skulu hreinsuð eftir þörfum.
11. Vaktstjórar skulu líta eftir ljósum, sér í lagi „EXIT“, og setja perur í eftir því sem vantar og eftirlit með kyndistöð.
12. Útgang úr suðurálmú skal hreinsa minnst einu sinni í mánuði.“ Bréf þetta er undirritað af stefnda og afrit sent sömu aðiljum og verklýsing á dskj. nr. 8.

Fyrir rétti sagði stefnandi, að sig minnti, að skýrsla þeirra félagá hafi verið rituð um einni viku eftir að atburðir þessir gerðust og hafi kona hans ritað hana eftir sinni fyrirsögn, en hinir tveir starfsmennirnir undirritað hana síðar.

Stefnandi sagði, að þau átta ár, sem hann hafi verið starfsmaður hjá stefnda, hafi hans vakt aldrei verið látin gera hreina vegg. Þeir hafi aðeins verið látnir blettahreinsa í seilingarhæð.

Stefnandi sagði, að hann hafi verið verkstjóri á sinni vakt og

hafi hann stjórnað því, sem gert var hvert sinn á vaktinni, og hafi hann þá farið eftir verklýsingu frá stefnda, þannig að ævinlega var vitað, hvað gera ætti samkvæmt verklýsingunum.

Stefnandi kvaðst ekki vita, hvort aðrar vaktir unnu að hreingerningu, enda hafi það ekki komið honum við.

Stefnandi sagðist ekki hafa orðið var við, að verklýsingar á dskj. nr. 6, 7 og 8 hafi verið hengdar upp í íverustað starfsmanna, en það kunni að vera, að þær hafi verið hengdar upp í herbergi stefnda sjálfs, en þangað komi starfsmenn sjaldan. Hann kveðst hafa undir höndum afrit dskj. nr. 8 til að vinna eftir.

Stefnandi sagði, að hver vakt hafi gert skýrslu um það, sem búið var að gera í hverri flugvél, og hvað eftir væri, en varðandi það, sem gert var í flugstöðinni sjálfri, hefðu gengið skilaboð milli vakta.

Sagði hann aðspurður, að stefndi hafi ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna hann vildi láta þá fara að hreingera umrætt sinn. Stefnandi kvað stefnda ekki hafa orðað það við hann að „hreingera“ fyrr en þennan umrædda dag.

Stefnandi var spurður um túlkun hans á 13. lið dskj. nr. 8, og kvaðst hann hafa túlkað það svo, að þar væri átt við flugvélar, sem hefðu hér 2—3 daga viðdvöl, og ætti verklýsingin við um, að vélarar skyldu m. a. blettahreinsaðar.

Stefnandi sagði, að hann hafi aldrei þvegið flugvélarar að innan, en aðeins blettahreinsað þær.

Niels Pétur Björgvinsson sagði fyrir rétti, að hann minntist þess ekki að hafa séð verklýsingarnar hanga á töflunni í herbergi starfsmannanna, en hann hafi hins vegar kynnt sér þær. Kvaðst hann hafa litið á dskj. nr. 6, 7 og 8 þannig, að þar sé átt við hámark þess, sem stefndi geti krafist af starfsmönnum sínum. Taldi hann, að stefndi hefði ekki getað aukið vinnuálagið án samráðs við starfsmennina, en taldi þó, að hann gæti breytt reglunum, ef ekki yrði um aukið starfsálag að ræða.

Sagði hann, að það kæmu oft dauðir tímar í vinnuna að vetrarlagi, en hins vegar væri unnið eins og í akkorði á milli. Í hléum þessum vinni starfsmennirnir ekki neitt.

Hann gat þess, að þeir hafi til skiptis annast það að draga upp og niður ríkisfánann, sem er við flugstöðina, og telur ekki útilokað, að þeir hafi ef til vill annast einhver önnur störf, sem ekki eru á verklýsingunum.

Hann sagði, að stefndi hafi sagt þeim að hreingera flugvélinu

umrætt sinn, en ef um hreinsun samkvæmt B lið dómsskjals nr. 8 hefði verið að ræða, hefði hann sagt þeim að blettahreinsa einhvern ákveðinn hluta vélarinnar. Taldi hann flugvélina hafa verið tilbúna til flugs, þar sem næturvaktin var búin að hreinsa hana. Sagði hann, að það taki ábyggilega 4 menn heila vakt að hreingera vél af þessari stærð.

Framburður stefnda var á þá leið, að hann kvaðst hafa verið með verksamning við Flugleiðir h/f um hreinsun á flugvélum Flugleiða og öðrum flugvélum, er lenda á Keflavíkurflugvelli, og enn fremur við yfirvöld varðandi hreinsun og eftirlit með flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli f. h. ríkisins. Sagði hann, að dskj. nr. 6, 7 og 8 væru úrdráttur úr þessum verksamningi, er hann hafi útbúið, og séu þar tiltekin þau aðalatriði, er sinna þurfi, og í þeim tilgangi gert, að hann þurfi ekki stöðugt að segja mönnum sínum fyrir verkum. Sagði hann, að hann hafi afhent hverjum vaktstjóra ljósrit af vinnuplagginu auk þess sem hann hengdi upp eintak í íverustað mannanna á Keflavíkurflugvelli. Hann sagði, að þegar hann ráði til sín verkamenn, séu þeir ráðnir á föst mánaðarlaun skv. 7. texta almenns kauptaxta og séu mennirnir ráðnir til að gegna þeim störfum, sem hann hafi undir höndum, þ. e. ræstingu og hreingerningu. Hann sagði, að á mesta annatímanum, eða frá maímánuði og fram í október, hafi engar hreinsanir átt sér stað á veggjum, að öðru leyti en blettahreinsanir, en eftir að umferð um flugvöllinn minnki, í október, sé alltaf einhverjum tíma varið til að gera hreina vegg. Sagði hann, að hann hafi sjálfur annast þessar hreingerningar þar til í byrjun vetrar 1973, að starfsmenn hans fóru að framkvæma þetta. Sagði hann verklýsingarnar á dskj. nr. 6, 7 og 8 eiga við um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru til hreinsunar á flugvélum og flugstöðvarbyggingu. Stefndi sagði, að í október 1974 hafi hann byrjað að hreingera vegg í sal á efri hæð flugstöðvarbyggingar og tvo ganga út frá honum.

Stefndi sagði, að vinnuflokkar hafi verið byrjaðir að hreingera veggina, þegar honum barst það til eyrna, að umræddur vinnuflokkur neitaði að vinna verkið. Kvaðst hann hafa kallað mennina til sín og spurt um ástæðu fyrir neitun þeirra. Var honum tjáð, að þeir teldu umrædda hreingerningu vera utan síns verksviðs. Kvaðst hann þá hafa sagt þeim, að ef þeir neituðu að vinna það verk, sem honum bæri að sjá um, þá hefði hann ekkert við þá að gera. Kvaðst stefndi síðan hafa beðið mennina að fara út í

flugskýli og blettahreinsa flugvél, er þar stóð, og ekki hafði unnist tími til að vinna við nema það nauðsynlegasta, en þeir þá sagt, að þeim bæri ekki skylda til að vinna þetta verk. Kvaðst stefndi þá hafa sent mennina niður í „transitsal“, og unnu mennirnir þar við hreinsun þennan dag. Um kl. 2000 þennan sama dag hafi hann kallað mennina til sín og spurt þá, hvort þeir væru þá enn sama sinnis, og kvaðust þeir svo vera. Sagði hann þeim þá, að hann hefði haft samband við skrifstofu verkalýðsfélagsins í Keflavík og óskað þess, að þeir miðluðu málum, en þeir hafi ekki viljað skipta sér af málinu. Kvaðst stefndi hafa skýrt félaginu frá því, að hann mundi láta mennina fara úr vinnu, ef þeir neituðu að vinna það, sem þeir hefðu verið ráðnir til að gera, og féllst félagið á þau sjónarmið. Hann kvaðst síðan hafa sagt stefnanda og mönnum hans, að þeir þyrftu ekki að mæta aftur til vinnu. Stefndi segir, að Magnús Þorgeirsson hafi verið verkstjóri hans, og stjórnaði hann tveim vöktum og sá um framkvæmd á þeim atriðum, er stefndi óskaði eftir, að unnið væri við. Hann segir, að árið 1974 hafi sú breyting verið gerð á verksamningi hans, að í stað þess að blettahreinsa skyldi veggj flugstöðvarbyggingarinnar, þá skyldu veggir gerðir hreinir einu sinni á ári. Þessi breyting hafi verið tilkynnt munnlega öllum starfsmönnum, en þó aðallega verkstjórum. Vinna þessi hafi verið framkvæmd athugasemdalaut það árið. Þá sagði hann, að Magnús Þorgeirsson verkstjóri hafi framkvæmt verk það, sem mennirnir neituðu að vinna, og hafi það tekið hann rúmlega eina klukkustund. Stefndi kvaðst engan greinarmun gera á orðinu ræstingu og hreingerningu. Stefndi sagði, að hann hafi greitt mönnum skv. 7. taxa, sem sé þrem töxtum ofan við þau laun, sem honum beri að greiða skv. verklýsingu og þeim skilningi, sem stefnandi leggi í hana. Þá sagði hann, að mennirnir hafi iðulega unnið önnur störf en fram komi á verklýsingunum, þar sem þau störf séu aðeins þau nauðsynlegustu störf, sem vinna þurfi. Þá sagði stefndi, að ef hann þyrfti að segja starfsmönnum upp, þá gerði hann það skriflega með mánaðar uppsagnarfresti, þeim sem rétt eigi til slíks. Stefndi kvaðst hafa boðið stefnanda og hinum mönnum þrem að koma aftur til vinnu og hefja þau störf, er stefndi léti þá vinna, og hafi einn mannanna nýtt sér það boð, en hinir ekki. Stefndi sagði, að flugvél sú, er hann bað starfsmennina að hreinsa umrætt sinn, hafi verið í flugskýli á flugvellinum. Hún hafi verið flutt í flugskýli, áður en næsta vakt á undan hafði lokið við að hreinsa hana á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í dskj. nr. 7.

III.

A. Stefnandi reisir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að verkið, er honum var falið að vinna og hann neitaði að framkvæma, hafi fallið utan hans starfssviðs, eins og því sé lýst á dskj. nr. 6, 7 og 8. Gildi sú meginregla, að starfsmaður verði ekki skyldaður að vinna verk, er falli utan þess starfssviðs, er honum sé falið við ráðningu, nema samkomulag sé um annað milli hans og vinnuveitanda hans. Hann hafi því verið í fullum rétti til að neita að vinna umrætt verk og hafi brottrekstur úr starfi því verið ólög- mætur þegar af þeirri ástæðu. Stefndi hefur skýrt þessar verk- lýsingar svo, að þar sé átt við lágmarkskröfur, sem gerðar séu til hreinsunar á flugvélum og flugstöð, og gerðar til þess að auðvelda daglega verkstjórn. Þá sagði hann enn fremur að breyting hafi verið gerð á verksamningi hans árið 1973 í þá átt, að veggir flug- stöðvarbyggingarinnar skyldu hreinsaðir einu sinni á ári í stað þess að blettahreinsa þá. Kvaðst hann hafa tilkynnt verkstjórum um þessa breytingu. Stefndi hefur haldið því fram, að þegar hann ráði til sín verkamenn, þá ráði hann þá til þess að starfa við ræst- ingu og hreingerningar.

Eins og fram hefur komið, var stefndi með verksamning við Flugleiðir h/f og yfirvöld um hreinsun á flugvélum og hreinsun og eftirlit með flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, og réð hann til sín verkamenn til að annast verkefni þetta jafnframt því sem hann vann við það sjálfur. Eins og fram kemur á dskj. nr. 6, ber það yfirskriftina „Dagleg ræsting í flugstöðinni á Keflavíkur- flugvelli.“ Á dskj. nr. 7 segir, að þar sé átt við „nauðsynlega hreinsun á flugvélum Flugfélags Íslands“, og á dskj. nr. 8 er tal- að um, að þar sé um að ræða „verklýsingu á hreinsun í flugvélum, er stansa á flugvélastæði fyrir framan flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.“

Ekki verður á það fallist, að verklýsingar þessar hafi verið tæm- andi upptalning á þeim verkefnum, er voru á starfssviði stefn- anda hjá stefnda. Er þar með ekki fallist á þá röksemd stefnanda, að honum hafi ekki borið skylda til að vinna umrætt verk, enda verður ekki séð, að verk það, er stefndi fól stefnanda að inna af hendi, þ. e. að þvo veggir flugstöðvarbyggingarinnar og hreingera flugvél, sé utan þess verksviðs, er starfinu tilheyri og stefnandi var ráðinn til að annast.

B. Stefnandi byggir einnig á því, að fyrirvaralaus uppsögn hafi verið ólögmet, eins og á stóð, án undangenginnar áminningar, og

vísar í því sambandi til 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Stefndi mótmælti því, að uppsógnin hafi verið fyrirvaralaus.

Samkvæmt framburði stefnda, sagði hann stefnanda, er hann kallaði hann og samstarfsmenn hans fyrir sig, að ef þeir neituðu að vinna það verk, sem þeim bæri að sjá um, „þá hefði hann ekkert við þá að gera.“ Þá sagði stefndi enn fremur, að er þeir félagar fóru af vaktinni, hafi hann kallað þá fyrir sig að nýju og spurt, hvort þeir væru sama sinnis, og kváðust þeir svo vera. Kvaðst hann þá hafa skýrt þeim frá því, að þeir þyrftu ekki að mæta aftur til vinnu. Þá hefur það einnig komið fram hjá stefnda, að hann hafi boðið öllum mönnum að hefja vinnu hjá sér aftur, en aðeins einn manna hafi þegið það boð. Í skýrslu þeirri, er stefnandi undirritaði ásamt þeim Skúla Jóhannssyni og Níels Pétri Björgvinssyni, kemur fram, að stefndi hafi sagt, að hann hefði þá ekkert með þá að gera, þegar er neitun þeirra féлага kom fram umræddan dag. Þá kemur enn fremur fram í framburði Skúla Jóhannssonar, að þeir hafi vitað til þess, að það átti að fara að láta hann og féлага hans hreingera í ganginum, og hafi þeir verið búnir að ákveða að neita að vinna þetta verk. Það er því ljóst, að stefnandi hefur haft tíma til þess að leita sér upplýsinga og ráðlegginga varðandi það, hvort honum bæri að vinna umrætt verk eða hvort hann gæti með réttu mótmælt því. Verður því í ljósi þess, sem fram hefur komið, að telja, að aðvörun stefnda hafi verið nægjanleg, eins og á stóð, áður en hann sagði stefnanda og félögum hans upp starfi án uppsagnarfrests.

C. Þá hefur stefnandi talið það varða ógildi uppsagnarinnar, að hún var ekki skrifleg, svo sem tilskilið er í 1. gr. laga nr. 16/1958. Stefndi taldi slíkt formaskilyrði ekki varða ógildi uppsagnarinnar, eins og á stóð.

Það hefur komið greinilega fram í því, sem rakið hefur verið, að stefndi sagði stefnanda og félögum hans, er þeir töluðu saman á skrifstofu stefnda að kvöldi þess 16. október 1974, að þeir þyrftu ekki að koma aftur til vinnu, og mættu þeir ekki til vinnu eftir það samtal. Má því álíta, að þeir hafi skilið orð stefnda svo, að þeir væru ekki lengur í starfi hjá honum. Það, að stefnandi kom ekki til vinnu næsta dag, verður að teljast viðurkenning á því, að stefnanda hafi verið það ljóst, að stefndi hafði sagt honum upp starfi án uppsagnarfrests, það, að uppsógninni var ekki fylgt eftir

skriflega, breytir í engu réttarstöðu stefnanda varðandi þetta at-
riði.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða
málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í mál-
inu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnanda að greiða stefnda máls-
kostnað, sem ákveðst kr. 50.000.

Valtýr Sigurðsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingvi Þorgeirsson, á að vera sýkn af kröfum stefn-
anda, Magnúsar Magnússonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 50.000, að við-
lagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1977.

Nr. 31/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Morten Johannesen

(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa-
son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-
björnsson og Logi Einarsson.

Háraðsdóm kváðu upp Þorvarður K. Þorsteinsson, bæjar-
fógeti á Isafirði, og samdómsmennirnir Guðmundur Guð-
mundsson skipstjóri og Símon Helgason skipstjóri.

Samkvæmt gögnum málsins framkvæmdi Bogi Agnarsson
stýrimaður einn mælingu yfir togaranum kl. 1117 hinn 30.
júlí 1976, en aðrar þær mælingar, er í málinu greinir, leystu